

ERINDISBRÉF

fyrir fjallskilastjórnir í Húnaþingi vestra

1.gr. Skipan í stjórn fjallskiladeilda

Að aflokknum sveitarstjórnarkosningum kýs sveitarstjórn í stjórnir fjallskiladeilda til 4 ára þrjá aðalmenn og þrjá til vara fyrir hverja fjallskiladeild og skulu þeir vera úr hópi þeirra sem upprekstrarrétt eiga á viðkomandi svæði.

Fjallskiladeildir í Húnaþingi vestra eru sex:

1. Fjallskiladeild Víðdælinga
2. Fjallskiladeild Vesturhóps
3. Fjallskiladeild Vatnsnesinga
4. Fjallskiladeild Miðfirðinga
5. Fjallskiladeild Hrútfirðinga að austan
6. Fjallskiladeild Hrútfirðinga að vestan.

2. gr. Hlutverk fjallskilastjórna

Fjallskilastjórnir fara með málefni fjallskila samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra, lögum og reglugerðum um þau mál í umboði sveitarstjórnar eftir því sem nánar er kveðið á um í þessu erindisbréfi sem gert er í samræmi við samþykkt um stjórn Húnaþings vestra. Hver fjallskiladeild:

- 1) Er sveitarstjórn til ráðuneytis í fjallskilamálum.
- 2) Sér um framkvæmd fjallskila hver á sínu svæði sbr. fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra.
- 3) Hefur eftirlit með að skilaréttir sveitarfélagsins geti sinnt hlutverki sínu.
- 4) Er efirlits- og umsagnaraðili sveitarfélagsins varðandi riðuveiki og garnaveiki.
- 5) Á samstarf við nágrannasveitarfélög um framkvæmd fjallskila.
- 6) Styrkvegir:

Annast eftirlit með ástandi vega hver á sínu svæði og leggja fram tillögu um fjármagn til viðhalds fyrir gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

- Fjallskilastjórn í Víðidal, vegna styrkvega á Víðidalstunguheiði.
- Fjallskilastjórn í Miðfirði vegna styrkvega í Núpsdal og í Vesturárdal.
- Fjallskilastjórn Hrútafirðinga að austan vegna styrkvega fram með Síká og Brandagilsveg.
- Fjallskilastjórn Hrútafirðinga að vestan vegna styrkvega í fyrrum Bæjarhreppi.
- Fjallskilastjórn Vatnsnesinga vegna styrkvega upp á Vatnsnesfjall.

Viðkomandi fjallskilastjórnir (eða formenn þeirra, fyrir þeirra hönd) ákveða hvenær opna skuli þessa vegi fyrir umferð að vori og tilkynna lokun þessara vega, þurfi þess með vegna (aur)bleytu á vorin og/eða haustin.

Fjallskilastjórnir skulu reyna að tilkynna lokanir með sem lengstum mögulegum fyrirvara, eftir því sem aðstæður leyfa. Nú er veðurspá þannig, að ætla megi að akstur muni spilla þessum vegum og er þá viðkomandi fjallskilastjórn heimilt að tilkynna lokun vegar ef líkur

eru á skemmdum vegna aksturs. Opnun vega á vorin og tímabundnar lokanir á haustin eru gerðar skv. umboði og á ábyrgð sveitarstjórnar.

Fjallskilastjórnir skulu sbr. ofanritað hafa forgöngu um nauðsynlegt viðhald styrkvega eftir því sem fjárveitingum til þeirra er deilt út af sveitarstjórn. Fjallskiladeildir sækja um framlög til framkvæmda við styrkvegi í samræmi við verklagsreglur vegna úthlutunar styrkja til viðhalds styrkvega í Húnaþingi vestra. Skulu fjallskilastjórnir sjá um, að reikningar vegna vegagerðar á styrkvegum berist sveitarskrifstofu eigi síðar en tilgreint er í reglum vegna styrkja frá Húnaþingi vestra til fjallskiladeilda til viðhalds girðinga, skála og styrkvega.

7) Heiðagirðingar:

Fjallskilastjórnir skulu fylgjast með að viðhaldi fjallgirðinga sé sinnt á réttum tíma og framkvæmd verksins sé eins og til er ætlast. Skulu formenn ítreka við girðingamenn að sinna störfum sínum, ef þeim þykir þörf á. Nú sinnir girðingamaður slíkri ítrekun ekki og skal formaður þá bera fram kvörtun við sveitarstjóra. Verði fulltrúar í fjallskilastjórnnum varir við slakt viðhald annarra girðinga geri þeir sveitarstjóra viðvart. Fjallskilastjórn skal leggja fram tillögu um fjármagn til viðhalds girðinga fyrir gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

8) Fjallaskálar:

Fjallskilastjórn leggur fram tillögu um fjármagn til viðhalds fjallaskála hver á sínu svæði og sjá um eftirfylgni með samþykktum framkvæmdum skálanna.

9) Annast önnur þau fjallskilaverkefni sem sveitarstjórn kann að fela nefndinni.

Við framkvæmd fjallskíla skal í einu og öllu fylgja gildandi fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra. Lög og reglugerðir sem varða verkefni fjallskilastjórna eru m.a.:

- Lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 m.s.b.
- Fjallskilasamþykkt sveitarfélagsins
- Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 m.s.b.
- Aðrar lagasetningar Alþingis sem á hverjum tíma tengjast verkefnum nefndarinnar.

Þá skulu fjallskilastjórnir fara eftir samþykktum og reglum sem sveitarstjórn hefur sett eða kann að setja um verkefni hennar. Það á einnig við um samninga og samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög.

Fjallskilastjórnnum er skylt að eiga samstarf við aðrar nefndir sveitarfélagsins, eftir því sem málefni gefa tilefni til á hverjum tíma.

3. gr. Starfshættir

Formenn fjallskilastjórna boða til funda, stjórna fundum og sjá um að allt fari þar löglega fram, úrskurða í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði þeirra til sveitarstjórnar.

Fjallskilastjórnir skulu funda að lágmarki einu sinni á ári og að hámarki fimm sinnum nema sérstakar aðstæður krefjist og skal þá sótt um fjárframlag vegna fundakostnaðar til byggðarráðs.

Formenn sjá um að fundargerðir séu færðar skipulega í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega. Undirrituðum fundargerðum skal skila á skrifstofu sveitarstjórnar eigi síðar en 15. maí fyrir fyrri árshelming og 15. desember fyrir síðara tímabil ársins. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Jafnframt skal skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu ráðsins. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Heimilt er að undirrita fundargerðir með rafrænum hætti. Formenn sjá um að senda fundargerðir til skrifstofu Húnaþings vestra að afloknum fundi. Eru þær teknar fyrir á fundi byggðarráðs og birtar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri hefur seturétt á fundum fjallskilastjórna með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

4.gr. Fjárhagur

Fjallskiladeildir hafa hver um sig sjálfstæðan fjárhag og bera þær ábyrgð á reikningsfærslum hverrar deildar fyrir sig, tekjum og gjaldfærslum. Til deildanna renna allar tekjur og greiðast öll gjöld, er af fjallskilum stafa á viðkomandi svæði. Að loknu uppgjöri ár hvert, skal skila afriti af undirrituðum ársreikningum fjallskiladeilda til skrifstofu Húnaþings vestra.

5.gr. Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í fjallskilastjórnnum gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Húnaþings vestra.

Fulltrúa í fjallskilastjórn er skylt að sækja fund nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann ráðsins vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann upplýsingum um efni þess til formanns a.m.k. þremur sólahringum fyrir fund.

Fulltrúar í fjallskilastjórnnum skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, samþykkt um stjórn Húnaþings vestra og öðrum áætlunum, samþykktum og reglum sem samþykktar hafa verið af sveitarstjórn í atkvæðagreiðslu um málefni deildarinnar.

Fulltrúar í fjallskilastjórnnum eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og eiga að fara leynt samkvæmt lögum, eðli máls eða samþykktum 2/3 hluta fulltrúa fjallskilastjórnar, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í fjallskilastjórn eða láti af störfum á þess vegum.

Gæta skal sérstaklega að því að unnið sé í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Fulltrúar í fjallskilastjórnnum skulu kynna sér vandlega lagareglur um hæfi til afgreiðslu einstakra mála. Fulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því og ef við á víkja af fundi við umræðu og afgreiðslu máls.

Samþykkt á 404. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra sem fram fór þann 11. júní 2026.